



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
17. október 2011
242. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10
ÁRA
2001 - 2011

REST LESNA
DAGBLAÐ Í ÍSLANDI

*Samkvæmt gættisráðgjafi Capacent Gallup apríl - júní 2011



Losnar aldrei við Gogga
Gestur Einar Jónasson
leikari aftur á svið eftir 25
ára hlé.
tímamót 12

Betri en forverarnir
Enginn ætti að verða
vonsvikinn með nýjasta
iPhone-símann.
fréttaskýring 8



Samdi við stórlið
Margrét Lára Viðarsdóttir
er búin að semja við eitt
besta félagslið heims.
sport 22

veðrið í dag

HVASSVIÐRI eða stormur gengur
austur yfir land í dag. Norðanlands
verður snjócoma eða slydda en
rigning eða slydda austanlands.
Veður fer kólnandi.

VEÐUR 4

**Hvaða
bragð vilt þú?**

Þú færð ávaxta- og karamellu-
súrmjólk í næstu verslun

Telur Íslendinga hafa forskot í fæðukreppu

Þekking Íslendinga á landbúnaði við erfiðar aðstæður gæti gegnt stóru hlutverki við að leysa matvælakreppu sem er yfirvofandi og verið útflutningsafurð, að mati sérfræðings. Íslendingar hafa jafnframt forskot vegna nægs vatns.

LANDBÚNAÐUR Ísland gæti gegnt stóru hlutverki við úrlausn á vandamálum tengdum fæðuöryggi heimsins, að mati Julians Cribb, sérfræðings í miðlun vísindalegrar þekkingar. Cribb hefur rannsakað og skrifað um það sem hann kallar yfirvofandi hungursneyð heimsins, en til ársins 2060 þarf að tvöfalda matvælaframleiðslu heimsins til að mæta þörfum. Þetta er ekki aðeins vandamál heldur felast í ástandinu tækifæri og atvinnumöguleikar, segir Cribb.

„Lönd eins og Ísland, sem stund-

ar landbúnað á jadrinum við erfiðar aðstæður hefur þekkingu sem er mikils virði. Þetta gæti orðið stór útflutningsafurð fyrir Íslendinga. Þið lærið að stunda landbúnað við erfiðar aðstæður og við loftslagsbreytingar gæti þekkingin orðið jafn mikils virði og matvælin sjálf,“ segir Cribb.

„Þið [Ísland] gætuð orðið Kísildalurinn hvað varðar þekkingu á landbúnaði eftir því sem loftslag breytist. Í þessu felast mikil tækifæri, ef þið fjárfestið í vísindum og tækni og þróið þessa þekkingu áfram. Það er mikilvægast.“

Cribb segir nauðsynlegt að heimurinn beini strax sjónum sínum að fæðuöryggi og matvælaframleiðslu, því tíma muni taka að ráða fram úr vandamálum sem þessu tengjast. Nauðsynlegt sé meðal annars að bylta landbúnaði og matarframleiðslu. Meðal vandamála er að allar auðlindir sem þarf til matvælaframleiðslu fara minnkandi. „Vatnsskortur er væntanlega stærsta vandamálið, því gríðarlega mikið vatn þarf til að framleiða mat. Land [eins og Ísland] sem á nægt vatn hefur mikið forskot.“

- þeb / sjá síðu 4



PERLAN Kennileiti sem vekur áhuga fjárfesta innanlands sem utan.

Tilboðsfrestur að renna út:
Margir spenntir fyrir Perlunni

FASTEIGNIR Reiknað er með að nokkur tilboð berist í Perluna áður en tilboðsfrestur rennur út klukkan sex á morgun.

Óskar R. Harðarson hjá Fasteignasölunni Mikluborg, sem annast söluna fyrir Orkuveituna, segir bæði innlenda og erlenda aðila hafa sýnt eigninni áhuga. Reikna megi með að þeir sem kaupir Perluna muni nýta hana fyrir einhverja starfsemi sem tengist ferðamennsku. Að sögn Óskars mun stjórn Orkuveitunnar fara yfir tilboð sem kunna að berast og taka ákvörðun um hvort einhverju þeirra verður tekið.

- gar

Þórunn Árnadóttir á uppleið:
Sýnir verk með stórstjörnum

FÓLK Þórunn Árnadóttir vöruhönnuður sýnir í hinu virta hönnunarsafni Triennale í Milánó fyrst Íslendinga. Þar tekur Þórunn þátt í stórrí sam-sýningu og er ekki í amalegum félagskap þar sem verk eftir heimsþekktu listamenn á borð við Damien Hirst og Louise Bourgeois eru til sýnis.

„Þetta er mjög góð kynning á verkunum mínum og náttúrulega bara frábært að vita til þess að sýningarstjórar svona þekktra safna þekki verkin mín og vilji fá þau inn á sýningar,“ segir Þórunn.

- rve / Sjá Allt í miðju blaðsins



ÞÓRUNN ÁRNADÓTTIR
og Louise Bourgeois eru til sýnis.



URRIDADANS Jóhannes Sturlaugsson fiskifræðingur leiddi gesti Þingvallabjóðgarðsins í sannleikann um leyndardóma ísaldarurriðans með stórskemmtilegum fyrirlestri og sýningu við Öxará á laugardaginn. Hátt í eitt hundrað manns nutu frásagnar Jóhannesar í fallegu haustveðri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

UN Women hafa boðið fyrrverandi utanríkisráðherra starf yfirmanns í Afganistan: Ingibjörg Sólrún á leið til Kabúl

FÓLK Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrrverandi formanni Samfylkingarinnar og fyrrverandi utanríkisráðherra Íslands, hefur verið boðið starf yfirmanns UN Women í Kabúl, höfuðborg Afganistans. Þetta staðfesti Ingibjörg Sólrún við Fréttablaðið í gær. Hún er nú í viðræðum við stofnunina um að taka að sér starfið, en slíkar ráðningar eru tímafrekar sökum pappírsvinnu og annars.

UN Women er stofnun innan Sameinuðu þjóðanna sem vinnur í þágu kvenna og jafn-



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

réttis í þróunarlöndum og á stríðssvæðum. Einna stærstu verkefni stofnunarinnar eru í Afganistan og starf yfirmanns er því umfangsmikið. Auk þess að vera yfir UN Women er yfirmaður stofnunarinnar hluti af teymi Sameinuðu þjóðanna í landinu og vinnur náið með öðrum stofnunum þeirra.

Ingibjörg Sólrún hætti í stjórnárum árið 2009. Hún sótti um starf mansalsfulltrúa Öryggis- og samvinnustofnunarstofnunar Evrópu sama ár og komst í lokahóp umsækjenda en fékk ekki starfið.

- þeb

Ottobre festa
UNO
Hafnarstræti 1-3
101 Reykjavík
Sími 561 1313
uno.is

3ja rétta matseðill
3.490 kr.
Gildir sunnudaga til miðvikudaga



TENGI

MORA ARAGON STURTUSETT
MEÐ PREMUR STILLINGUM

TILBOÐSVERÐ: 12.900,- kr

Smíðjuvegi 76
Kópavogi
Sími 414 1000

Baldursnesi 6
Akureyri
Sími 414 1050



Aldís, eru Hvergerðingar hræðir yfir þessum skjálftum?

„Við erum hrist en ekki hræð.“

Niðurdæling vatns í borholur við Hellisheiðarvirkjun hratt af stað hrinu jarðskjálfta sem gera Hvergerðingum lífið leitt þessa dagana. Aldís Hafsteinsdóttir er bæjarstjóri í Hveragerði.

Misnotkun á fósturheimili Stúlkum ítrek-að nauðgað

AUSTURRÍKI, AP Systur í Austurríki greina frá kynferðislegri misnotkun er þær dvöldu á fósturheimili en það er blaðið Daily Kurier sem hefur þetta eftir systrunum, sem í dag eru 47 og 49 ára gamlar.

Blaðið segir að yfir 20 stúlkur, sem dvöldu á heimilinu Schloss Wilhelminenberg, voru ítrekað misnotaðar kynferðislega af karlkyns starfsmönnum heimilisins. Systurnar voru sex og átta ára gamlar þegar misnotkunin hófst en henni lauk er þær náðu táningsaldri.

Yfirvöld í Vín hafa þegar borgað 139 fyrrverandi vistmönnum á munaðarleysingjahælum í borginni skaðabætur vegna svipaðra mála.

- áþ

Sósíalistar velja forsetaefni: Hollande sigr-aði í forvalinu

FRANKLAND, AP Francois Hollande sigraði í gær í forkosningum Sósíalistaflokksins í Frakklandi.

Hann verður því frambjóðandi flokksins til forseta landsins á næsta ári.

Hollande atti kappi við Martine Aubry í kosningunum. Dominique Strauss-Kahn, fyrrverandi framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hafði verið talinn líklegastur til að hreppa útnefninguna áður en hann var sakaður um nauðgun og nauðgunartilraun fyrr á árinu.

Hollande er talinn verða helsti keppinautur Nicolas Sarkozy, núverandi forseta Frakklands, sem talið er víst að bjóði sig fram á ný.

- þeb

Orkustofnun segir niðurdælingu vatns á Hengilsvæðinu ekki valda stærri jarðskálftum en hefðu ella orðið: Dælingin gæti flýtt fyrir stærri skjálftum

ORKUMÁL Að sögn Jónasar Ketils-sonar, jarðhitasérfræðings hjá Orkustofnun, eru allar líkur á því að það dragi úr smáskjálftavirkni á Hengilsvæðinu eftir því sem niðurdæling Orkuveitunnar á vatni stendur lengur.

Í gær höfðu mælt um 1.900 smáskjálftar á Hengilsvæðinu frá því hrina hófst 8. september í kjölfar þess að niðurdæling á vatni frá Hellisheiðarvirkjun hófst. Í minnisblaði Orkustofnunar segir að vegna smáskjálftanna hafi þrýstingur hækkað í mæliholum. Hann fari enn aðeins hækkaði en muni

ná jafnvægi með tímanum og smáskjálftavirknin sem tengist niðurdælingunni þá hætta að mestu.

„Spenna af völdum jarðskorpuhreyfinga mun þó halda áfram að byggjast upp og losna úr læðingi með jarðskjálftum af og til. Þeir jarðskjálftar munu hugsanlega verða fleiri og minni en hefði orðið án niðurdælingar,“ segir Orkustofnun, sem kveður mestu skjálfta á Hengilsvæðinu ekki geta orðið meiri en um 6 á Richter kvarða.

„Niðurstaða Orkustofnunar er að sérfræðingar á þessu sviði geta sagt með nokkru öryggi að niður-

dæling auki ekki líkur á því að stærri jarðskjálftar en þeir sem verða án niðurdælingar geti myndast á svæðinu. Hins vegar gætu staðbundnar tilfærslur á spennum haft áhrif í þá átt að flýta stærri skjálftum sem eru í aðsigi.“

Á laugardag fundu Hvergerðingar vel fyrir skjálftum upp á 3,8 og 3,7 stig. Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri sagði við Vísi að ólíðandi væri að búa við manngerða jarðskjálfta. Fulltrúar Orkustofnunar og Orkuveitunnar bjóða Hvergerðingum fund um málið á Hótel Örk í kvöld.

- gar



HELLISHEIÐARVIRKJUN Niðurdæling vatns er skilyrt í starfsleyfi Hellisheiðarvirkjunar og er ætlað vernda grunnvatn og yfirborðsvatn og viðhalda vatnsþrýstingi í jarðhitakerfunum.

Ákalli norskrar eyju svarað úr Borgarnesi

Íbúum norsku eyjunnar Fjelberg fjölgaði um tíu prósent eftir að ráðamenn þar auglýstu eftir íslenskum barnafjölskyldum til búsetu. Nú búa þrjár fjölskyldur frá Íslandi á Fjelberg til viðbótar við þá 108 sem bjuggu að staðaldri á eyjunni.

NOREGUR Með flutningi 13 Íslendinga til eyjunnar Fjelberg undan Noregsströnd hefur eyjarskeggjum fjölgað um 10 prósent. Eyjan fékk styrk frá norska ríkinu til þess að laða til sín barnafjölskyldur og var ákveðið að auglýsa eftir þeim á Íslandi. Nú eru þrjár íslenskar fjölskyldur búsettar á Fjelberg ásamt þeim 108 íbúum sem fyrir voru.

„Við sáum auglýsingu í Fréttablaðinu að hér á Fjelbergeyju, sem er í sveitarfélaginu Kvinnherad á Hörðalandi, væri húsnæði og vinna í boði og við ákváðum að slá til,“ segir Helgi Þorvaldsson. Hann flutti með sambýliskonu sinni, Ingibjörgu Þorsteinsdóttur, og tveimur börnunum, eins og fimm ára, frá Borgarnesi til norsku eyjunnar í fyrrihaust.

„Það komu svo tvær barnafjölskyldur hingað núna í haust. Við karlarnir störfum við laxeldi en konurnar eru heimavinnandi enn sem komið er,“ greinir Helgi frá.

„Konan mín var að ljúka fæðingarorlofi og er að fara að leita sér að vinnu. En hún þarf ekki að fara að vinna frekar en hún vill. Við komumst leikandi af á mínum launum. Við leigjum hér stórt hús. Ég er búinn í vinnunni snemma dags og nýt þess að vera með fjölskyldunni. Heima á Íslandi þurfti maður að vera í vinnunni stóran hluta sólarhringsins til þess að hafa í sig og á.“

Í Borgarnesi starfaði Helgi í Kaupfélagi Borgfirðinga og Húsasmíðunni. „Ég var í fullri vinnu en var ekki öruggur með að geta haldið henni. Ingibjörg var í hálfu starfi við heimilishjálp. Við höfðum gælt við að flytja utan áður en



NÝBÚAR Á FJELBERG Helgi Þorvaldsson og Ingibjörg Þorsteinsdóttir ásamt börnunum sínum, Þorvaldi Garðari og Guðrúnu Elínborgu.



hrunið kom en það ýtti okkur af stað.“

Að sögn Helga var ákaflega vel tekið á móti íslensku fjölskyldunum. „Hér eru allir elskulegir og hjálpsamir. Heimamenn sögðu okkur að leitað hefði verið til Íslands þar sem Íslendingar væri mikils metnir í Noregi, þeir væru duglegir til vinnu og hefðu lengi

Ég er búinn í vinnunni snemma dags og nýt þess að vera með fjölskyldunni. Heima á Íslandi þurfti maður að vera í vinnunni stóran hluta sólarhringsins til þess að hafa í sig og á.

HELGI ÞORVALDSSON ÍBÚI Á FJELBERG Í NOREGI

haft samband við Noreg. Auk þess værum við komin af Norðmönnum.“

Félagslíf í sjálfri eyjunni er frekar rólegt, að því er Helgi greinir frá. „Konurnar eru hins vegar allar í saumaklúbb og hittast á tveggja vikna fresti. Konan mín var bara búin að vera hér í viku þegar hún fór í sinn fyrsta saumaklúbb.“

ibs@frettabladid.is



FANGELSIÐ Í MATAMOROS Tuttugu fangar létu lífið og 12 særðust er átök brutust út í fangelsi í Mexíkó.

Átök í fangelsi í Mexíkó: Tuttugu létust

MEXÍKÓ Tuttugu fangar létu lífið í slagsmálum sem brutust út í fangelsi í bænum Matamoros í Mexíkó. Ríkislögreglan var kölluð á vettvang og aðstoðaði fangelsisverði við að ná aftur stjórn á föngunum en um tólf fangar til viðbótar slösuðust í átökunum.

Matamoros er í norðurhluta Mexíkó, við landamæri Bandaríkjanna, þar sem eiturfjagengi berjast um völdin á smygileiðum til Bandaríkjanna. Talið er að átök milli tveggja fanga hafi komið slagsmálunum af stað en yfirvöld í Mexíkó vilja ekki gefa upp hvort vopn voru notuð.

- áþ

Leki í heilsugæslustöð: Kjallarinn ónýtur eftir leka

SLYS Heitt vatn lak tvisvar inn í kjallara Heilsugæslunnar í Drápuhlíð í gær. Talið er nær öruggt að kjallarinn sé ónýtur, samkvæmt upplýsingum frá Slökkviliðinu á hófuðborgarsvæðinu.

Heitavatnslögn í götunni gaf sig og olli lekanum. Truflun varð í nærliggjandi götum í kjölfarið og var lítill þrýstingur eða heitavatnslaut í Barmahlíð, Mávahlíð, Blönduhlíð og hluta Eskihlíðar.

Starfsmenn Orkuveitunnar unnu að viðgerð í gærkvöldi. Þrátt fyrir lekann verður Heilsugæslan við Drápuhlíð opin í dag.

- áþ

Bridds-liðið byrjar vel á HM: Gamla hetjur burstuðu Svía

BRIDDS Lið Íslands á heimsmeistaramótinu í bridds í Hollandi hóf keppni í gær með stórsigri á sterku landsliði Svía, 23-7. Síðan gerði liðið jafntefli við Nýsjálendinga en dagurinn endaði með slæmu 23-7 tapi fyrir Brasilíu.

Íslenska liðið að þessu sinni státar af premur heimsmeisturum frá því í Japan fyrir tuttugu árum. Þetta eru þeir Jón Baldurs-son, Ádalsteinn Jörgensen og Þorlákur Jónsson. Aðrir í liðinu eru Bjarni Einarsson, Magnús Magnússon og Sigurbjörn Haraldsson sem allir þreyttu frumraun sína á HM í gær. Landsliðs-einvaldur er Björn Eysteinnsson sem einnig stýrði íslenska sigurliðinu í Japan.

Í dag er spilað við Bandaríkin, Ítalíu og Guadalupe.

- gar

HÓPKAUP.IS Í DAG

HINN VINSÆLI OSTBORGARI Á METRÓ

99 kr.

Verð 350 kr.

Afsláttur 72%

Afsláttur í kr. 251 kr.

GILDIR 24 TÍMA

100 viðskiptavinum þarf til að virkja tilboðið

OSTBORGARI 99 kr.

Gómsætur og safaríkur ostborgari á Metró á hreint út sagt ótrúlegu verði! Metró eru skemmtilegir fjölskylduveitingastaðir sem bjóða upp á fjölbreyttan, bragðgóðan og hollan mat fyrir alla fjölskylduna.

HÓPKAUP í krafti fjöldans

hopkaup.is

iPhone og iPad há Nova!



2.000 kr.
simnotkun á
mánuði í 12
mán. fylgir
iPhone 4
há Nova!

6.990 kr. á mán. í 18 mán.
iPhone 4 (16 GB)

2.000 kr. notkun á mán.
í 12 mánuði fylgir!
Stgr.: 124.990 kr.

6.990 kr. á mán. í 18 mán.
iPad 2 (16 GB)

1 GB í 1 mán. fylgir!
Stgr.: 119.990 kr.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla,
MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919
www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

3.000 kr. simnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

GENGIÐ 14.10.2011			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	115,4	115,96
	Sterlingspund	181,97	182,85
	Evra	159,17	160,07
	Dönsk króna	21,375	21,501
	Norsk króna	20,52	20,64
	Sænsk króna	17,393	17,495
	Japanskt jen	1,4988	1,5076
SDR		181,76	182,84
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		214,3685	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



MIKIL FLÓÐ Flóðin í Taílandi eru skæðari í ár en önnur ár og hafa alls 297 manns látið lífið í hamförunum.

Mannskæð flóð í Asíu:

Alls eru 297 látnir í Taílandi

BANGKOK Tala látinna af völdum flóðanna í Taílandi hefur nú hækkað upp í 297 en miklir rigningar hafa verið í landinu síðustu tvo mánuði. Talið er að yfir 8,5 milljónir manna í 61 héraði hafi orðið fyrir barðinu á flóðunum. Búið var við meiri rigningu á sunnudag í fleiri héruðum sem og í höfuðborginni, Bangkok. Þar vinna hjálparstarfsmenn að því að breikka skurði og styrkja flóðvarnir í kringum borgina.

Flóð í Asíu á þessum tíma árs eru vanaleg en í ár hafa þau verið einkar skæð. Sameinuðu þjóðirnar eru í biðstöðu og Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur boðist til að senda hjálpargögn.

- ap

LÖGREGLUFRÉTTIR

Maður nefbrotinn

Tilkynnt var um líkamsárás fyrir utan skemmtistað á Selfossi aðfaranótt sunnudags. Einn nefbrotnaði í átökunum og var árárarmaðurinn látinn sofa úr sér um nóttina. Hann hefur nú verið yfirheyrður og látinn laus.

Ók undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan á Selfossi handtók mann um miðjan dag í gær grunaðan um akstur undir áhrifum fíkniefna.

Teknir fyrir ölvunarakstur

Tveir voru handteknir fyrir ölvunarakstur skammt fyrir utan Borgarnes um helgina.

Stefnir í næsthæsta vinning sögunnar í Víkingalottóinu og ásókn Íslendinga í miða eykst:

Átján hundruð milljónir í einum lottópotti

FJÁRHÆTTUSPIL Það stefnir í að aðalvinningurinn í Víkingalottóinu á miðvikudaginn kemur verði sá næststærsti sem spilað hefur verið um frá því að Víkingalottóið hóf göngu sína hér á landi.

Aðalpotturinn stefnir í 170 milljónir en ofurpotturinn í 1.630 milljónir. Ef ofurtalan verður ein af aðaltölunum ætti vinningurinn því að nema um 1.800 milljónum íslenskra króna.

Stærsti pottur sem spilað hefur verið um hér á landi var 6. apríl í fyrra en hann nam um 2,3 milljörðum króna. Þar af var



Íslendingar hafa alltaf verið stórpottasækin þjóð.

STEFÁN KONRÁÐSSON
FRAMKV/EMDASTJÓRI
ÍSLENSKRAR GETSPÁR

ofurpotturinn um 2,1 milljarður.

Þá hafði ofurpotturinn ekki gengið út í 24 vikur en nú hefur hann ekki gengið út í 23 vikur.

Samkvæmt Íslenskri getspá má búast við að ofurtalan komi upp sex til átta sinnum á ári.

„Íslendingar hafa alltaf verið stórpottasækin þjóð. Þegar potturinn er stór seljum við fleiri miða,“ segir Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár.

Líkurnar á að vinna fyrsta vinning í Víkingalottóinu er 1 á móti 12.271.512.

Algengustu tölurnar í Víkingalottóinu eru 41, sem hefur komið upp oftast eða 150 sinnum, talan 2 sem hefur komið upp 145 sinnum og 27 sem hefur komið upp 140 sinnum.

- kh



STÓRI VINNINGURINN Líkurnar á að vinna í Víkingalottóinu eru 1 á móti rúmlega 12 milljónum.

Byltingar þörf til að takast á við kreppu

Tvöfalda þarf matvælaframleiðslu til ársins 2060. Á sama tíma fara auðlindir sem til þarf þverrandi. Vel er hægt að forðast yfirvofandi matvælakreppu en þá þarf að hefjast handa strax, segir Julian Cribb, prófessor og rithöfundur.

LANDBÚNAÐUR „Eftirspurn eftir mat er að verða meiri en framboðið. Undanfarin tíu ár hefur verið framleitt minna af fæðu en þörf er fyrir,“ segir Julian Cribb, prófessor í miðlun vísindalegrar þekkingar. Cribb skrifaði bókina The Coming Famine – The Global food crisis and what we can do to avoid it, eða Hungursneyðin yfirvofandi – alþjóðlega matarkreppan og hvað við getum gert til að forðast hana. Cribb heldur fyrirlestur í húsakynnum Íslenskrar erfðagreiningar klukkan tólf í dag.

Fólksfjölgun og hækkanði tekjur hjá fólki í Kína, Indlandi og Brasilíu, svo dæmi séu tekin, eru meðal ástæðna fyrir því að eftirspurn eftir mat mun tvöfaldast fyrir árið 2060. „En á sama tíma er allt sem notað er til að framleiða matinn, til dæmis landið, vatn, olía, áburður, tæknin, fiskurinn, stöðugt loftslag, allt þetta er að klárast. Geta okkar til að búa til mat fer minnkandi og við verðum að beina sjónum okkar að þessu vandamáli núna. Ef við bregðumst ekki við snemma er illt í efni, og það er engin skyndilausn til.“ Cribb segir þó að til þessarar kreppu muni ekki koma nema ekkert verði aðhafst. „Manneskjan er ekki þannig. Það felast mikil tækifæri og atvinnumöguleikar í þessu. En það þarf að byrja snemma.“

Eitt prósent af ræktarlandi tapast á hverju ári og því þarf að framleiða tvöfalt meiri mat á helmingi minna landsvæði um miðja öld. „Þetta er meiriháttar mál og tæknilega mjög erfitt. Við þurfum að gera þrennt. Við þurf-



JULIAN CRIBB Auðlindir sem þarf til að framleiða mat eru af skornum skammti og ræktarland fer minnkandi. Í ástandinu felast þó tækifæri, segir Cribb. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

um að bylta landbúnaðarkerfinu og matarframleiðslu, við þurfum að bylta mataræði okkar og við þurfum að bylta borgunum. Í nútímaborgum er allt að helmingi matar hent í ruslið, og næringaræfnin fara í súginn. Slík efni verða mjög dýr í framtíðinni. Við getum endurunnioð þau.

Annað sem við þurfum eru nýir orkugjafir. Landbúnaður er knúinn af olíu og ef hún verður mjög dýr verður maturinn það líka.“

Cribb segir að áherslan hafi verið tekin af fæðuöryggismálum

víða. Fólk finni aðeins fyrir hækkanði matarverði. Hann er þeirrar skoðunar að fólk þurfi að sætta sig við herra matarverð. „Það gæti kostað einn flatskjá á hverjum fimm árum, þetta eru ekki svo miklir peningar. Fólk verður að fara að borða með tilliti til sjálfbærni og gera bændum kleift að varðveita auðlindirnar, vatnið, jarðveginn og landsvæðið.“ Verð sem bændur fá núna fyrir afurðir sínar neyði þá til að ofnýta þessar auðlindir.

thorunn@frettabladid.is



HÓLMAVÍK Framhalssskóladeild er talin mundu styrkja byggðina.

Strandabyggð vill sækja fram: Framhaldsnám sé á Hólmavík

SVEITARSTJÓRNIR Ingibjörg Valgeirsdóttir, sveitarstjóri Strandabyggðar, lagði á fundi með fjárlaganefnd Alþingis á föstudag megináherslu á að undirbúningur við stofnun framhaldsdeildar á Hólmavík verði hafinn árið 2012.

Þetta kemur fram á vef Strandabyggðar. Þar segir Ingibjörg verkefnið í samræmi við Söknaráætlun Vestfjarða 2012. Framhaldsskóladeild á Hólmavík gæti þjónað nemendum í Strandabyggð, Arneshreppi, Kaldrananes-hreppi, Reykhólahreppi og jafnvel Dalabyggð og víðar.

- gar

Óeirðir í Róm um helgina:

Mótmæli kosta milljón evra

ÍTALÍA, AP Kostnaður vegna mótmæla í Róm um helgina er að minnsta kosti ein milljón evra, segir borgarstjórinn Gianni Alemanno.

Mótmælin í Róm voru hluti af alþjóðlegum mótmælum sem hófust á Wall Street fyrir nokkrum vikum. Nokkur hundruð af tugum þúsunda mótmælenda brutu glugga, rifu upp gangstéttir og kveiktu í bílum. Þá var ráðist inn í kirkju þar sem kross var rifinn af vegg og stytta af Maríu mey var brotin.

- þeb



TILBOÐ 695 KR

Voltaren Dolo
á aðeins 695 kr. pakkinn til 15. nóvember


SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíó mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir
veður-
fréttamaður

VONSKUVEÐUR
gengur austur yfir land í dag. Vestanlands verður veðrið verst fyrri hluta dagsins en síðdegis versnar veður austanlands. Á morgun verður hvassviðri allra austast fyrri partinn en vestan til verður ágætis-veður, nokkuð bjart en vægt frost.

Á MORGUN
Hvassviðri allra austast annars hægari.

MIÐVIKUDAGUR
Strekkingur með A-strönd annars hægari.

HEIMURINN

Alicante	23°
Basel	16°
Berlín	12°
Billund	12°
Frankfurt	16°
Friedrichshafen	15°
Gautaborg	13°
Kaupmannahöfn	13°
Las Palmas	26°
London	17°
Mallorca	23°
New York	18°
Orlando	27°
Ósló	11°
París	20°
San Francisco	24°
Stokkhólmur	9°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Takk.

ICELANDS
AIRWAVES

Við þökkum öllum á Airwaves fyrir samveruna og sérstaklega þeim ríflega fjögur þúsund sem náðu í Airwaves appið og notuðu það til að fá meira út úr hátíðinni. Þessar frábæru viðtökur verða okkur hvatning til að gera enn betur næst. Takk!

KJÖRKASSINN



Sækir þú einhverja atburði í tengslum við Airwaves-tónlist-arhátíðina?

JÁ

4,1%

NEI

95,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Telur þú rétt að ráðast í gerð vegganga undir Vaðlaheiði?

Segðu þína skoðun á vísiris



Á SUÐURNESJUM Gagnaverið verður til húsa að Ásbrú á Suðurnesjum.

Gagnaverið komið til hafnar: Gagnaverið rís á næstu vikum

ÞENNAÐUR Gagnaver Verne Global kom til hafnar í Helguvík um helgina. Það verður sett upp á næstu vikum. Gagnaverið er um fimm hundruð fermetrar að stærð og verður sett saman úr 37 einingum. Það verður reist á næstu vikum og áætlað er að starfsemi þess hefjist um áramót. Gagnaverið að Ásbrú verður hið fyrsta sinnar tegundar í heiminum sem ekki mun gefa frá sér gróðurhúsalofttegundir. Bandaríska fyrirtækið Datapipe er fyrsta fyrirtækið sem mun fá hýsingu í hinu nýja gagnaveri.

- sm

Fyrirhugaðar breytingar á sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins:

Damanaki boðar minni miðstýringu

EVROPUMÁL Maria Damanaki, sjávarútvegsstjóri ESB, leggur mikla áherslu á að draga úr miðstýringu við endurskoðun sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu sambandsins. Í ræðu sem hún hélt í Dyflinni á dögunum, og vefurinn fishnews.eu segir frá, fór hún yfir hina ýmsu ágalla sem eru á núverandi lög-gjöf, meðal annars óhagkvæmni sem felst til dæmis í brottkasti og banni á framsali aflaheimilda. Damanaki sagði einn lykilinn í þessum málum vera að færa ákvarðanatöku frá Brussel til aðildarríkjanna.

„Það sem skiptir máli hjá okkur er hvort markmiðum sé náð, en ekki hvernig,“ sagði hún. Þannig geti markmiðið til dæmis verið að nýta staðbundna stofna með sjálfbærum hætti, en í stað þess að nákvæmar reglur komi að ofan, nýti aðildarríkin sérþekkingu og reynslu innlendra aðila til að ná settu marki. Tillögur framkvæmdastjórnar ESB um breytingar á fiskveiðistefnunni eru nú til meðferðar hjá ráðherraráði sambandsins og er vonast til þess að ný stefna taki gildi árið 2013.

- þj



MINNI MIÐSTÝRING Maria Damanaki sagði í ræðu á dögunum að ESB þyrfti að draga úr miðstýringu í sjávarútvegs-málum.

NORDICPHOTOS/AFP

Fundir í Reykjavík á laugardag:

Hundruð mót-mæltu í miðbæ

MÓTMÆLI Nokkur hundruð manns sóttu mótmælafundi í Reykjavík á laugardag. Fundirnir voru hluti af mótmælum gegn peningaöflum og spillingu sem haldin hafa verið víða um heim. Tveir fundir voru haldnir í Reykjavík. Annar var á Austurvelli, sem Hörður Torfason boðaði til. Hinn var á Lækjartorgi. Þegar fundirnir sameinuðust voru um þúsund manns á Austurvelli. Mótmælin beindust að mestu leyti gegn fjármálakerfinu.

- þeb

Héraðsdómur Reykjavíkur: Nálgunarbann eftir grófa árás

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur úrskurðað að karlmaður skuli sæta brottvísun af heimili fyrrverandi eiginkonu sinnar og nálgunarbanni í fjórar vikur, eftir að hann hafði gengið í skrokk á henni með þeim afleiðingum að hún fékk meðal annars heilahristing.

Konan hlaut alvarlega áverka. Auk heilahristingsins var hún mjög marin og bólgin í andliti og aum víða um líkamann. Maðurinn kærði úrskurð héraðsdóms um brottvísunina og nálgunarbannið til Hæstaréttar. Dómurinn taldi bresta heimild til að kæra úrskurðinn og vísaði málinu því frá.

- jss

LÖGREGLUFRÉTTIR

Brotist inn í sumarhús

Brotist var inn í tvö sumarhús í Skorradal um helgina. Þjófarnir höfðu einhverja muni á brott með sér en aðallega voru framin skemmdarverk á húsunum. Þjófanna er enn leitað.

Laxastigi í Jöklu valdi ekki endanlegu raski

Umhverfisstofnun tekur undir með bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs um að skilyrði fyrir laxastiga við svokallaðan Steinboga í Jökulsá á Dal sé að engin óafturkræf spjöll verði á umhverfi bogans. Það samrýmist vart tillögu veiðifélagsins.

UMHVERFISMÁL Ólafur Jónsson hjá Umhverfisstofnun segir stofnunina taka undir með bæjaryfirvöldum í Fljótsdalshéraði um að gerð laxastiga í Jökulsá á Dal megi ekki fela í sér óafturkræf áhrif á náttúruna.

Eins og Fréttablaðið hefur sagt frá hefur Fljótsdalshérað áður hafnað ósk veiðifélagsins við Jöklu um framkvæmdaleyfi fyrir fiskvegi fram hjá svokölluðum Steinboga. Ætlun veiðiréttarhafanna er að opna laxfiskum leið um sextíu kílómetra upp Jöklu og bæta þar við miklum uppeldissvæðum og veiðilendum. Ný útfærsla laxastigans er nú til skoðunar hjá Skipulagsstofnun sem sendi Umhverfisstofnun málið til umsagnar.

Umhverfisstofnun hefur áður veitt neikvæðar umsagnir um gerð laxastigans. Ólafur segir að í sinni fyrstu umsögn hafi Umhverfisstofnun tekið undir skoðanir sem komu fram í skrifum Helga Hallgrímssonar náttúrufræðings um Steinboga í tímaritinu Glettingi á árinu 2008.

Steinboginn er í raun ekki steinbogi í hefðbundnum skilningi heldur urðarbrú sem liggur yfir Jökulsá um þrjá kílómetra fyrir ofan Þjóðveg 1. Þar er hægt að ganga yfir þurru fótum við meðalrennsli í Jöklu. Ætlunin er að fleyga fiskveg í bergið á bakknum meðfram urðinni en ekki hrófla við henni sjálfri.

Í fyrrnefndri grein sinni Glettingi vék Helgi Hallgrímsson að hugsanlegri fiskvegargerð við hlið urðarinnar. „Allar slíkar aðgerðir myndu eyðileggja urðarbrúna,“ skrifaði Helgi.

Um árgljúfrið við Steinboga segir Helgi meðal annars að þar séu skessukatlar af ýmsum stærðum. Honum sé ekki kunnugt um neina aðra jarðmyndun í nokkurri stórá á Íslandi sem samsvari þeim náttúrufyrirbrigðum sem þar séu. Umhverfisstofnun svaraði erindi Skipulagsstofnunar á þriðjudag. Þar tekur stofnunin undir skil-



STEINBOGI Jökla rennur í djúpri rennu undir urðarbrúna sem nefnd er Steinbogi og nánast lokar alveg fyrir göngu laxfiska upp á sextíu kílómetra langt svæði þar fyrir ofan.

MYND/ÞRÖSTUR ELLIBASON

yrði Fljótsdalshéraðs um að ekki verði gerður nýr slóði að gílinu heldur verði núverandi slóði nýttur. Einnig er bent á að óvissa sé um hvernig framkvæmdaaðili ætli koma nauðsynlegum tækjum niður í gilið. Líklega hljótist töluvert rask af því. Mikilvægt sé að ganga þannig frá að öll ummerki um framkvæmdina verði afmáð.

Ekki eigi að hrófla við steinbognum og finna leið sem feli í sér að framkvæmdin verði að fullu afturkræf. Ekki virðist hægt að uppfylla hið síðastalda með núverandi hönnun laxastigans. „Þegar fleygað er ofan í klöpp er það ekkert afturkræft,“ svarar Ólafur Jónsson þeirri spurningu.

gar@frettabladid.is

LOKAÐ

mánudaginn 17. október

vegna útfarar Jónu Steinunnar

Patriciu Conway.





Börn, feður og fjölskyldutengsl - þrælkun, þroski, þrá

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Þriðjudaginn 18. október kl. 11:40-13:10, Háskólatorg, stofa 101 í boði Félagsráðgjafardeildar

Í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands og 30 ára kennsluafmæli félagsráðgjafardeildar fléttar félagsráðgjafardeild saman fyrirlestri og ljósmyndum um börn, vinnu og feður. Fundarstjóri er **Dr. Sigrún Júlíusdóttir**, prófessor í félagsráðgjöf.

11:40-12:00 **Sigrún Sigurðardóttir** menningarfræðingur og aðjúntk við Listaháskóla Íslands fjallar um tilurð ljósmynda Guðbjarts Ásgeirssonar og leiðir gesti í gengum ljósmyndasýninguna þrælkun, þroski og þrá.

12:00-12:30 **Anni G Haugen** lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands fjallar um feður í barnavernd.

12:30-13:10 Pallborðsumræður; **Ingólfur V. Gíslason** dósent í félagsfræði, **Páll Ólafsson** félagsráðgjafi, **Sigrún Sigurðardóttir** menningarfræðingur og aðjúntk og **Anni G Haugen** lektor.

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
1911-2011

Innleiðing vatnatilskipunar ESB er hafin í samræmi við nýsamþykkt lög:

Vatnsauðlindinni tryggð vernd

UMHVERFISMÁL Innleiðing vatnatilskipunar Evrópusambandsins er hafin í samræmi við lög sem voru samþykkt á Alþingi vorið 2011 um stjórn vatnamála. Lögin fela í sér innleiðingu vatnatilskipunarinnar í íslenskan rétt. Tilgangurinn er að tryggja verndun og heilnæmi vatns á Íslandi til framtíðar.

Innleiðing og framkvæmd þessa nýja kerfis vatnastjórnar gerist í áföngum í sex ára tímabilum. Innleiðingartímabil er frá 2011 til 2015, fyrsta framkvæmdatímabil 2016 til 2021 og annað fram-



EKKI SJÁLFSÖGÐ GÆÐI Tilgangur laganna er að tryggja verndun vatns.

kvæmdatímabil frá 2022 til 2026. Skrifað var undir samninga við Hafrannsóknastofnun, Veður-

stofu Íslands og Veiðimálastofnun á miðvikudag um fyrstu verkefni á innleiðingartímabilinu. Á næstu vikum verða síðan útbúnir samningar við fleiri stofnanir um verkefni sem vinna þarf á næsta ári. Lokaafurð innleiðingartímabilsins er vatnaáætlun sem Umhverfisstofnun mun gera tillögu að. Gert er ráð fyrir að vatnaáætlunin verði samþykkt af umhverfisráðherra í lok árs 2015. Vöktunaráætlun kemur til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2015 og aðgerðaáætlunin eigi síðar en á árinu 2018. -shá

HEKLA býður fría ástandsskoðun



Gerðu bíllinn kláran fyrir veturinn – öryggisins vegna!

- | | |
|---|--------------------------------------|
| ✓ Ljósabúnaður – Farið yfir virkni | ✓ Kælikerfi – Frostþol mælt |
| ✓ Rúðupurrkur – Yfirfarnar | ✓ Smurolía – Mæld |
| ✓ Hjólbarðar – Yfirfarnir | ✓ Rafgeymir – Prófaður |
| ✓ Hemlabúnaður – Yfirfarinn og prófaður | ✓ Hurðalamir – Smurðar og yfirfarnar |
| ✓ Rúðusprautur – Virkni athuguð | ✓ Öryggisbelti – Farið yfir virkni |
| ✓ Læsingar og skrár – Smurðar og yfirfarnar | |



Ástandsskoðun*

Komdu með bíllinn þinn í ástandsskoðun og fagmenn okkar sjá til þess að helstu öryggisþættir bílsins séu í lagi. Pantaðu tíma hjá þjónustuveri HEKLU strax í dag í síma 590 5030 - alltaf heitt á könnunni!

*Athugið að ástandsskoðun er ekki ígildi þjónustuskoðunar. Tilboð þetta gildir til áramóta.



Das Auto.

ŠKODA



SIMPLY CLEVER



Audi



Atvinnubílar



MITSUBISHI
MOTORS

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · þjónustuverkstæði um land allt



Hraðari og betri en forverarnir

Margir bjuggust við að fá að sjá þunnan og léttan iPhone með stærri skjá þegar Apple kynnti nýjustu uppfærsluna á þessum vinsæla snjallsíma. iPhone 4S, sem þá var kynntur, hefur þó fengið góðar viðtökur síðan hann kom á markað á föstudag. Arnór Bogason skoðaði gripinn.

FRÉTTASKÝRING

Hvernig er nýjasti snjallsíminn frá Apple og hvernig stendur hann sig í samanburði við forverana?

Í byrjun mánaðarins hélt Apple blaðamannafund sem var auglýstur undir þeim formerkjum að þá yrði kynnt ný útgáfa af iPhone-síma fyrirtækisins. Margir urðu hins vegar vonsviknir þegar í ljós kom að þessi „ný“ sími reyndist aðeins vera uppfærsla á síðustu útgáfu. Enda er iPhone 5 líklega umtalaðasta fyrirbæri tækniheimsins á þessu ári. Orðrómur var um að skjáinn væri stærri, síminn þynnri og 4G-tengimögu-leikar byðust. Þjartsýnustu menn gerðu sér jafnvel vonir um innbyggðan myndvarpa og fleira í þeim dúr, sem allt verður nú að teljast afar óraunhæft. iPhone 5 reyndist þó ekki hafa verið í pípuunum hjá Apple, heldur uppfærð útgáfa af iPhone 4 sem kallast iPhone 4S. Hann kom út síðastliðinn föstudag og, þökk sé iSímanum í Skipholti, fékk ég tækifæri til að prófa þetta nýjasta útspil Apple.

Það má segja að hér sé um að ræða öflugra tæki en stór hluti af breytingunni er tengdur stýrikerfinu. Hér er ekki ætlunin að fara í þaula yfir virkni stýrikerfisins og nýjungar þar að lútandi enda er hún ekki bundin við tækið sjálft nema að litlu leyti.

Siri lætur í sér heyra

Siri er dæmi um hugbúnað sem einungis virkar á þessum nýja

síma, en er þó hluti af stýrikerfinu. Siri er kynnt til sögunnar sem persónulegur aðstoðarmaður, hún skilur hvað sagt er og getur svarað á móti. En bara ef þú talar ensku, þýsku eða frönsku, að minnsta kosti enn um sinn. Hún virðist þó nokkuð klár. Undirstaða Siri er nefnilega öflugur gervigreindar-búnaður sem er ofinn saman við raddkennsl og talgervil.

Ástæða þess að Siri virkar ekki á iPhone 4 segir Apple vera þá að hún krefjist vinnsluhraða sem ekki virki nema með hraðvirkum örgjörvanum sem er í 4S. Hann nefnist A5 og er einnig í iPad 2. Þótt tölvuhakkarar hafi þegar fundið bakleið til að láta Siri virka bæði á iPhone 4 og iPad 2 er ólíklegt að Apple muni bjóða upp á þann valkost í framtíðinni.

Sjö sinnum hraðari

Fyrirnefndur örgjörvi gerir iPhone 4S ótrúlega hraðan. Samkvæmt Apple er hann um sjö sinnum hraðari en forveri hans og það skilar sér svo sannarlega. Við alla notkun er hann sneggri og viðbragðsfljótari. Safari-vafrinn er gott dæmi um þetta og jafnvel á 3G-tengingu er hann snöggur að hlaða inn þungum og efnismiklum vefsíðum. Þar að auki hefur Safari verið uppfærður með enn meiri skilvirkni í huga.

En það er ekki bara örgjörvinn sem stuðlar að hraðara neti. Í iPhone 4S eru nefnilega tvö loftnet, eitt að ofan og eitt að neðan sem Apple fullyrðir að geti allt að því tvöfaldað nethraðann á 3G.



TIL SÝNIS OG SÖLU iPhone 4S kom út víða um heim á föstudag og er alvöru uppfærsla þó hvorki sé hann léttari né þynnri en forverarnir.

Besta myndavélin

Það fannst ekki betri myndavél í síma en í iPhone 4, en lengi má gott bæta og það hefur Apple svo sannarlega gert í 4S. Myndavélin er nú með átta megapixla upplausn og þó það segi ekki alla söguna hefur myndflagan verið stórbætt að mörgu leyti. Linsan er skarpri og ljósopið gleðara en nokkru sinni. Að auki styður sím-

inn nú myndupptöku í 1080p HD upplausn.

iPhone 4S væri lítið spennandi ef ekki væri fyrir frábært stýrikerfi með stórkostlegu notendaviðmóti. Hugbúnaðurinn í iPhone bindur þannig saman alla þá kosti sem vélbúnaðurinn býður upp á og gerir manni kleift að fá það besta út úr tækinu með sem minnstu vafstri.

Þótt iPhone 4S sé ekki síminn sem margir biðu eftir, hann er hvorki léttari né þynnri en forverarnir, þá ætti enginn að verða vonsvikinn. Hraðinn er stórauðinn og það skiptir líklega mestu máli þótt Siri, mun betri myndavél og betra loftnet séu allt flottar viðbætur við iPhone. Þetta eru allt þættir sem taka þátt í að styrkja þá arfleifð sem Steve Jobs skilur eftir sig.

Slitsterk og endingargóð teppi á stigaganginn þinn.

- Öll teppin sem við bjóðum eru afrafmögnuð, ofnæmisprófuð og með óhreinindavörn.
- Yfir 25 ára reynsla.
- Mikið úrval.

Við mætum og gerum tilboð í efni og vinnu þér að kostnaðarlausu.

Taktu upp símann eða sendu okkur línu og við göngum í málið.

Ármúla 32 · 108 Reykjavík
Sími 533 5060 · Fax 533 5061 · stepp@stepp.is · www.stepp.is

Stepp

PARKET
& GOLF

Sérfræðingar í gólfefnum!



DAVID CAMERON OG ALEX SALMOND Forsætisráðherra Breta og „fyrsti ráðherra“ skosku heimastjórnarinnar hittust í Edinborg í sumar.

Skotar stefna að þjóðaratkvæðagreiðslu:

Kjósa um sjálfstæði

SKOTLAND Alex Salmond, fyrsti ráðherra Skotlands, stefnir ótrauður að því að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu í Skotlandi um sjálfstæði Skotlands.

Breska stjórnin hefur gagnrýnt þessi áform hans, meðal annars fyrir ónógan undirbúning og leiðandi spurningar sem geti skekkt útkomuna. Bæði David Cameron forsætisráðherra og Nick Clegg aðstoðarforsætisráðherra hafa sakað Salmond um að þora ekki að bera undir kjósendur einfalda spurningu þar sem útkoman yrði ótvíráð.

Nú hefur bresk þingnefnd ákveðið að kalla Salmond til yfirheyrslu um málið, en hann er leiðtogi Skoska þjóðarflokksins sem vann mikinn sigur í kosningum til heimastjórnar Skotlands árið 2007 og jók fylgi sitt enn frekar í kosningum nú í vor. Salmond er forsætisráðherra heimastjórnarinnar, eða „fyrsti ráðherra“ eins og embættið nefnist.

Í viðtali við breska dagblaðið Guardian um síðustu helgi segir Salmond einn möguleikann vera þann, að kjósendur verði spurðir hvort þeir vilji að Skotland verði efnahagslega sjálfstætt, þótt sambandið við Bretland verði að öðru leyti óbreytt.

„Létt-sjálfstæði“ er þetta nefnt í Guardian, en Salmond vill sjálfur helst að kjósendur samþykki fullt sjálfstæði. Svo virðist sem þrýstingur frá bresku stjórninni hafi orðið til þess að hann ætlar nú að bjóða upp á þennan veigaminni valkost.

Litlar líkur eru hins vegar taldar á því að Skotar samþykki fullt sjálfstæði, en hugmyndin um efnahagslegt sjálfstæði Skotlands gæti fengið meiri hljómgrunn meðal íbúa Skotlands.

Stefnt er að því að kosningarnar verði haldnar árið 2014 eða 2015 og fátt virðist geta komið í veg fyrir að af þeim verði, nú þegar Salmond er kominn til valda.

Í viðtalinu við Guardian svarar Salmond þeim Cameron og Clegg fullum halsi og segir að þeir hafi ekkert efni á að segja Skotum fyrir verkum.

„Halda þeir að stjórnsmál snúist um að hittast á svolitlum leynifundum eins og nornirnar í Macbeth og koka upp einhver ráð til að stöðva Alex Salmond? Og að þeir hæni skosku þjóðina að þeim með þessu móti? Það verður hlegið að þeim allt frá John O’Groats til Hadrianusarmúrsins,“ sagði Salmond.

Bylgjubingóið búið:

Spilað á 44 þúsund bingóspil

FÓLK Bylgjubingóið fór fram í beinni útsendingu á útvarpsstöðinni Bylgjunni í gær. Alls var spilað á um 44 þúsund spil og hefur þátttakan því verið glæsileg.

Sigurvegarinn fékk í verðlaun hundrað þúsund króna inneign í Krónunni í heilt ár, afnot af bíl í eitt ár, bensín í eitt ár og inneign í húsgagnaverslunina Ilva að andvirði fimm hundruð þúsund króna. Alls var spilað á um 44 þúsund spil og hefur þátttakan því verið glæsileg. - sm

Formannskjör UMFI:

Helga Guðrún endurkjörin

SAMFÉLAGSMÁL Helga Guðrún Guðjónsdóttir var endurkjörin formaður Ungmennafélags



HELGA GUÐRÚN GUÐJÓNSDÓTTIR

Íslands (UMFÍ) í gær. Helga hefur gegnt stöðu formanns frá árinu 2007 og er jafnframt fyrsta konan sem kosin var formaður samtakanna. Helga Guðrún mun gegna formannsembættinu næstu tvö árin og sagðist þakklát því trausti sem meðlimir hreyfingarinnar sýndu henni með endurkjörinu. Hún hlakkar einnig til að takast á við þau verkefni sem bíða hennar og horfir björtum augum til framtíðar. - sm



NÝJA SKIPIÐ Tekur við af hálftrar aldar gömlum nafna sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Greenpeace berst áfram:

Nýr Rainbow Warrior á sjó

ÞÝSKALAND, AP Umhverfissamtökin Rainbow Warrior hleypu í gær af stökkunum í Þýskalandi splunkunýju skipi sem tekur við af hinum hálftrar aldar gamla Rainbow Warrior.

Nýja skipið fær sama nafn og verður notað í baráttu samtakanna gegn hvalveiðum, selveiðum og annarri starfsemi sem samtökin telja skaðleg náttúrunni.

Fyrsta verkefni skipverja verður að halda til Bandaríkjanna að berjast gegn kolabrennslu en að því búnu verður líklega siglt til Suður-Ameríku til að vekja athygli á eyðingu regnskóga á Amazon-svæðinu. - gb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Stálu kodda og pottum

Brotist var inn í sumarbústað á Fljótsbakka í Grímsnesi og höfðu þjófarnir meðal annars á brott með sér kodda, hnífa og potta. Talið er að brotist hafi verið inn í bústaðinn á tímabilinu 13. september til 15. október. Lögreglan á Selfossi biður alla þá sem gætu haft upplýsingar um málið að hafa samband.

Frjálslyndir stefna borgarstjóra fyrir dóm og telja sig eiga inni yfir þrjár milljónir:

Höfða mál vegna milljóna Ólafs F.

DÓMSMÁL Frjálslyndi flokkurinn hefur höfðað mál á hendur Reykjavíkurborg til að freista þess að innheimta um 3,4 milljónir sem greiddar voru sem styrkur til borgarfulltrúans Ólafs F. Magnússonar.

Styrkurinn er lögbundinn og ber að greiða hann öllum þeim stjórn-málahreyfingum sem ná manni inn í borgarstjórn.

Ólafur náði kjöri árið 2006 sem fulltrúi F-lista frjálslyndra og óháðra. Fyrst um sinn rann hið árlega framlag, tæpar 3,4 milljónir til Frjálslynda flokksins en árið

2008 stofnaði Ólafur Borgarmála-félag F-listans og lét greiða framlagið inn á reikning þess. Það var skráð á heimili Ólafs.

Í stefnu Frjálslyndra á hendur borginni segir að ekki liggi fyrir hver tók ákvörðun um að greiða félagi Ólafs féð, hins vegar veki það athygli að þegar ákvörðunin var tekin hafi Ólafur verið borgarstjóri.

Fyrir liggi álit ráðuneytis sveitarstjórnarmála í þá veru að Frjálslyndi flokkurinn hafi átt heimtingu á fénu og borgin hafi lagt það til grundvallar ári síðar þegar flokk-

urinn fékk greiðsluna en ekki Borgarmálafélag Ólafs.

Frjálslyndir hafna þeim rökum borgarinnar að féð hafi verið greitt kjörnum fulltrúa þeirra og með því hafi greiðsluskyldunni verið sinnt. Borgin þurfi að bera ábyrgð á því að hafa greitt röngum aðila féð og skuldi þeim það því enn – óháð styrknum til Ólafs. - sh

ÓLAFUR F. MAGNÚSSON Var borgarstjóri þegar hann fór fram á að fá styrkinn greiddan inn á reikning eigin félags. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÖR



Við viljum sjá þig

Staðreyndin er sú að ökumenn sjá vegfarendur með endurskinsmerki fimm sinnum fyrr. Flest eigum við endurskinsmerki ofan í skúffu, en þau koma aðeins að gagni séu þau notuð. Gætum að því að börnin okkar noti endurskinsmerki.

Arion banki gefur endurskinsmerki sem nálgast má í öllum útibúum bankans, í samstarfi við Umferðarstofu. Þeir sem búa fjarri útibúum bankans geta sent tölvupóst á fraedsla@us.is og fengið merkin send.

Nældu þér í endurskinsmerki í næsta útibúi bankans.

Disney KLÚÐURINN
www.disneyklubburinn.is

UMFERÐARSTOFA

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

Munu Vaðlaheiðargöngin standa undir sér?

Kapp eða forsjá

Alar forsendur ættu nú að liggja fyrir til að meta hvort fyrirhuguð Vaðlaheiðargöng geta staðið undir sér með veggjöldum. Síðustu tölurnar bættust í reikningsdæmið þegar tilboð bárust í verkið í síðustu viku. Lægsta tilboðið nemur 8,9 milljörðum króna en kostnaðar-ætlan Vegagerðarinnar var upp á 9,3 milljarða.

Kristján Möller, fyrrverandi þingmaður, stjórnamaður í Vaðlaheiðargöngum ehf. og einn ötulasti talsmaður verkefnisins, varð augljóslega fyrir vonbrigðum með tilboðin. Hann sagði í samtali við Fréttablaðið að hann hefði vonast eftir lægri tilboðum – en sagðist samt bjartsýnn á að menn gætu farið að bora eftir áramót. Enda telur Kristján sig vafalítið eiga mikið undir því að þetta verkefni í kjördæmi hans komist á koppinn.

Engu að síður örlaði á raun-sæistóni hjá Kristjáni þegar hann sagði: „Sérfræðingar

Vegagerðarinnar munu nú fara yfir tilboðin og sjá hvort það verði einhverjir fyrirvarar þar. Í framhaldi af því munum við sjá hvort verkið verði gerlegt eða ekki.“

Það er gott að Kristján áttar sig á því að það fer eftir arðsem-inni hvort yfirleitt verði hægt að ráðast í gerð Vaðlaheiðarganga eða ekki. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur gert það að skilyrði fyrir þátttöku ríkisins í framkvæmdinni að hún verði alfarið fjármögnuð með veggjöldum, en ekki úr vasa skattgreiðenda.

Hins vegar mun ríkið taka lán og endurlána Vaðlaheiðargöng-um ehf. meðan á framkvæmdum stendur. Ef rekstur ganganna stendur ekki undir endurgreiðslum og vöxtum er hætt við að skattgreiðendur fái skellinn. Þess vegna þurfa menn að vera býsna vissir í sinni sök áður en ráðizt er í þessa dýru framkvæmd.

Margir hafa bent á að fyrri arðsemisútreikningar vegna Vaðlaheiðarganga standi á veikum grunni. Þar var þó bæði gert ráð fyrir lægri framkvæmdakostnaði og meiri umferð en nú getur talizt raunsætt. Því eru líka takmörk sett hversu hátt veggjald er hægt að innheimta, í ljósi þess að fyrirhuguð göng styttu hringvegin ekki nema um 16 kílómetra og Víkurskarðsvegur er greið-fær og fljótfarinn meirihluta ársins.


Vaðlaheiðargöng eru ekki brýnasta vegaframkvæmdin að ráð-ast í, hvorki út frá hagkvæmni né umferðaröryggi. Þess vegna er ekki hægt að réttlæta að skattgreiðendur beri kostnaðinn af því að ráðast strax í þessa framkvæmd.

Af samtali við Hrein Haraldsson vegamálastjóra í helgarblaði Fréttablaðsins má vera ljóst að hann hefur verulegar efasemdir um að vit sé í Vaðlaheiðargöngum. Vegamálastjórinn segir verk-efnið hafa verið keyrt á öðrum forsendum en Vegagerðarinnar og að þar hafi menn reiknað út að það geti aldrei staðið undir sér. Ekki verður séð að annað lánafyrirkomulag breyti því.

Vonandi halda menn ekki áfram að keyra Vaðlaheiðarganga-verkefnið áfram af meira kappi en forsjá. Ef vafi leikur á arð-seminni, á einfaldlega ekki að gera göngin. Skattgreiðendur eiga heimtingu á að gögn verði lögð á borðið sem sýna fram á að verkið geti staðið undir sér. Tími blekkingarleikja í þágu kjördæmis-hagsmuna á að vera liðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmasdóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Meðal lestími í mínútum á hvert eintak*

— FBL
— MBL

Lesendur gefa sér góðan tíma í Fréttablaðið

Það skiptir máli hvaða blað fólk gefur sér tíma til að lesa. Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir að lesendur á aldrinum 12-59 ára gefa sér lengri tíma til að lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið. Við hlökkum til að færa ykkur fleiri góðar stundir í framtíðinni.

*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Mældur er tími sem fer í lestur hvers eintaks Morgunblaðsins og Fréttablaðsins hjá lesendum á aldrinum 12-59 ára á öllu landinu.

Allt sem þú þarft...

